

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2018, þriðjudaginn 13. febrúar var haldinn 365. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Arnarholti og hófst kl. 09:08. Mættir: Eva Einarasdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fengler, Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen, Kópavogi, Pétur Óskarsson, Hafnarfirði og Theódór Kristjánsson, Mosfellsbæ. Jafnframt sátu fundinn: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreassen fjármálastjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um stefnumótun skíðasvæðanna sem kynnt voru á fundi stjórnar SSH í gær. Stefnumótunin fer nú í kynningu hjá þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að skíðasvæðunum.
2. Fram fer umræða um snjóframleiðslu á skíðasvæðum. Framkvæmdastjóri mun taka saman minnisblað vegna málsins.
3. Fram fer kynning á fundi sem fram fór með Skíðagöngufélaginu Ulli þar sem m.a. var rætt um merkingar á svæðinu, lýsingu, aðstöðumál o.fl. Jafnframt er lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ulls, dags. 5. júní 2015, varðandi akstur vélknúinna ökutækja utan vega á skíðasvæðum.
 - kl. 09:50 vikur Theódór Kristjánsson af fundi.
4. Lögð fram drög að uppgjöri ársins 2017.
 - kl. 09:55 vikur Pétur Óskarsson af fundi.
5. Fram fer umræða um aldursmörk í gjaldtöku fyrir börn á skíðasvæðum. Samþykkt að skoða aldursmörkin á næsta fundi.
6. Lagt fram að nýju bréf skíðadeildar Fram, ódags., varðandi skíðalyftu í Eldborgargili og bréf ódags. varðandi sama.
7. Lögð fram áskorun skíðadeilda um úrbætur á skíðasvæðum, dags. 7. feb.sl.

Fundi slitið kl. 10:40.

Eva Einarasdóttir

Björg Fengler
Magnús Örn Guðmundsson

Anný Berglind Thorstensen